# Jakob B. Bjarnason, Síðu

“Vorboðinn”

Blað U.m.f. Vorboðinn
VIII. ár. 1. tbl. 1923

8 ára Verðlaun 1 blað
Ritn: Stjórnin Jan 1923.

# Aleigan hennar Heiðu á Hóli.

~ Smásaga ~

Hreppsaskilin höfðu litið svo að ekki fréttist neitt til Hlífar hennar Heiðu litlu á Hóli.

Féinu hafði verið slept aftur og það notið fjálsræðisins nokkuð fram á veturinn, meðan veðurblíðan hélst; en þegar kippan á öldubökkunum á fjörunum hakkaði og ýfðist og þokukólguna kembdi fram af fjallabrúnunum, þá var varfærni bændanna vakin og fénaðinum var smalað dag eftir dag, smalað og leitað í bygðum og óbygðum, þar til heimtur allflestra voru orðnar viðunanlegar. – Nema Ragnheiði litlu á Hóli, hana vantaði aleiguna sína, gimbrina, sem húsbóndi hennar hafði gefið henni um vorið þegar rúið var, hún var með svartan aman framfótinn, milli lagklaufanna og hnésins, því nefndi Heiða hana Hlíf, því Legghlíf hefði verið alt of langt nafn. Hún hafði borið af öllum

Og fyrir ágangin úr ullinni ætlaði hún at kaupa sér breiðan ljósbláan silkiborða um hárið á sér, borða eins og hún Gunna á Gili hafði eignast þegar hún reið í kaupstaðinn.

Í huganum Heiðu hafði þessi eina skepna skapat henni heilan heim af möguleikum.

Var þat því ekki von at hana hrylli við því ef þeir möguleikar og fullnægjing þeirra yrði at engu!? Og var þat ekki eðlilegt at hún, ósjálfrátt legði frekar trúnað á skoðanir þeirra og tilgátur, sem töldu als ekki ómögul. at hún fengi Hlífsína — at hún tryði frekar Bjössa en Steina

Aldrei hafði nokkur bæjarrekstur komið svo um haustið at hún spyrði ekki um Hlíf. Ó hvað henni hafði sárnað við hann Steina þegar hann sagði henni einusinni, at nú væri Hlíf komin, en svo hafði þat verið tómskreytni. Var þat ekki illa gert af honum at gera þat? Því henni hafði fundist þat, og hún hafði farið at gráta og sorg hennar hafði stórum minkat

II.

Hún hafði ekki fundið þat þá, heldur fann hún þat síðar, at Steini greip svo mikið eftir þessu hugsunarleysis spaugi, og hann hefði aldrei sagt þetta ef hann hefði ekki litið á vöntun gimbrarinnar í því ljósi, hvað sig munaði og hvað hann hefði tekið sér nærri þó hann vantaði einn lambanga, heldur hagat spurningunni þannig hvort sér myndi ekki hafa orðit hugleikið at vita hvað rekstrarni hefði at geyma — ef hann hefði vantað aleiguna sína — þó ekki væri nema alla dilkana.

En þannig hafði Steini ekki litið á málið. Og því hafði hann gert þetta í hugsunarleysi. En eftir at hann [illegible] óttaðist hann ekki at slíkt kynni koma fyrir aftur því þá hafði hann náð at skoða þetta í réttu ljósi, — og hann var fastráðinn í því at gefa Heiðu lamb á jólunum, ef Hlíf yrði ekki komin; sem hann efaðist raunar ekki um. Honum fanst hann sannfærður um at hún væri dauð.

Hversu oft hafði ekki Heiða leitað álits fjármannanna – ekki einasta heimapiltanna um það, hvort sennilegra væri að Hlíf litla væri dauð eða lifandi; – hvort óhugsandi væri að hún hefði getað skolist hjá þeim í leitunum. Ekki skyldu smalarnir vera hennar. Flestir hvöttust þeir mega fullyrða að ekki hefði getað orðið eftir, hver á sínu svæði; það hefði verið leitað svo oft og svo vel, þéttmennt og skipað með afbrigðum. Enda væri það ekki neitt fátítt þó eitt ~~gimbur~~ lamb vantaði. Annað eins hefði svo oft og mörgum sinnum komið fyrir, það gæti margt orðið að fjörtjóni yfir aldrei sumartímann, það væri að vísu leiðinl. að hún, munaðarleysinginn, skildi endilega hafa orðið fyrir þessu tjóni – „en þeir veita að missa, sem eiga" höfðu sumir þeirra haft að orðtaki. Mest mark tók hún þó á því sem heimapiltarnir höfðu lagt til málanna Bjössi og hann Steini og hún

rifjaði oft upp fyrir sér í huganum þegar hún sat með prjónana sína í rökkrinu, röksemdafærsluna hjá þeim í þessu deilumáli þeirra, því í þessu máli voru þeir og höfðu alltaf verið á gagnstæðri skoðun. Bjössi hélt því fram að hann hefði séð Kempu með lambi í rekstrinum á leitinni er fyrstu rétt það hefði verið rétt fyrir rökkrið rétt áður en þeir ráku féð í kvíslina, það hefði sennilega ~~ekki~~ þvælst undan ~~hér~~ móðurinni þá, þess vegna væri ekki neitt undarlegt þótt Kempa hefði verið orðin geld þegar hún kom af hreppaskilunum. Það væri því engin sönnun þó hún væri þá geld, að hún hefði ekki getað verið með lambi í réttunum. Og það var aðalatriðið að því er Heiðu fannst, því hefði Hlíf hennar verið ~~lif~~ með móður sinni í réttum þá væru miklar líkur ~~til~~ þess að þá

væri hún enn lifandi. Ef Kempa hefði verið lamblaus í réttunum.....
Steini gat ekki fengið sig til að hugsa setninguna til enda.
„Tókstu eftir svarta blettinum á fætinum á þessu lambi sem fylgdi Kempu?“ hafði Steini spurt. Nei Bjössi hafði ekki tekið eftir honum. Hafði verið svo sannfærður að þetta væri hennar rétta lamb, að engin efi eða sannsókn hefði komið sér til hugar. Þar hafði Steina fundist Bjössa málstaður að engu orðinn.
En hversvegna gengu réttarstörfin svo seint að þeir gátu ekki komið fénu heim og dregið ~~það~~ í sundur, ~~áður~~ að skilja það með jarminum nýkomið upp úr kvíslinni? Þá spurningu hafði hún lagt fyrir þá er þeir höfðu svarað því hversvegna ~~ekki~~ féinu hefði ekki verið komið almennilega heim, á þann veg að seinlæti réttarstörfunnar væri und að kenna
Um að svara spurningu hennar höfðu þeir báðir orðið sammála í skotundum. Hversvegna er ekki byrjað á fjárdrætti fyrr en 2-3 tímum síðar en markljóst er? Hversvegna koma menn ekki fyrr að réttinni ~~fyrr~~ en þetta, nema einstöku stráka gapar sem ekki geta sofið fyrir áfloga hug og gangna kjaftæði í hlöðunum og hafa enga eirð í sínum beinum annað en stundum sem hvatast til réttarinnar? Og hvað þýddi það fyrir réttarstjórann að koma í byrjungu ef engum sama sem einnafor maður kemur til staðarins fyrr en á elleftu stundu? Hvað er það sem veldur þessum ólestri? Auðvitað ekkert annað en vani – gamall steindofinn almennur vani – þar ~~kom~~ höfðu þeir fundið meinsemdina.
Og Steini hafði fundist það ljóti vaninn sem hefði orðið þess valdandi að hún tapaði aleigunni sinni – því altaf trúði hún frekar Bjössa málstað. Það var þá ekki Guði að kenna, það var bara mönnunum að kenna.
ef hún átti að tapa henni Kleif sinni

En var hún nú nokkuð bættari með það
að Hlíf hennar væri enn á lífi – að
Steini hefði rangt fyrir sér. Var það ekki
skelfileg tilhugsun ef að hún væri enn á
lifandi einhversstaðar hátt uppi í fjöllunum.
þar sem enginn fór um og sæji hana, þar
sem hríðarnar gætu gert útaf við hana á
einu dægri, annaðhvort skelft henni útaf
eða helfryst hana á einhverjum ávetrarnóttunum.
Nei henni fannst stundum að hún vildi
mikið heldur að Hlíf hefði drepist að sumrinu
þó hún græti um leið að deyða vonir sínar um
að fá hana, vildi það heldur, en að eiga
það á hættu að stórhríðarnar og harðviðrin
kynnu pína úr henni lífið. Því einhvern
tíma kæmi slæma tíðin þó ekki væri
hún komin enn. Stundum var Heiða
rétt komin að því upp frá þessum
hugsunum að hlaupa uppum hálsinn
á Bjössa og biðja hann að fara nú og leita

að henni Hlíf. Hvergi átti hann að leita?
Og með hverju gat hún borgað honum
ómakið ef hann fyndi hana ekki? Þó
hún gæfi honum brjefið fyrir næstu jól
ef hún fyndist – en ef hún fyndist ekki
þá hefði hún ekki neitt til. Slíkar
hugsanir öftruðu henni.

Og hún sat kyr með prjónana sína
og raulaði um raunalegar [illegible] vísuna
sem Þóra gamla hafði kent henni:

„Felur sig í fjöllum há
fjeleg gimbrar pína.
Skildi jeg aldrei eiga að fá
aleiguna mína?"

– Jólafastan var nærri liðin. Heiða litla
hafði skrifað nærri heila örk af Jóla
sveinunum en kærastur var henni samt
sá sem hún hafði ~~[illegible] hafði hún~~ skrifað sértag
hann Snorri litli á Brekku. En hvað
ósegjanlega glöð hún var daginn þann

kom ekki eingöngu til af því að hann
indislegasti leikbróðir hennar var kominn
á listann – heldur af því að með komu
hans hafði von hennar um að fá Hlíf
litla fengið nýtt lífsloft eins og þegar
dapurt ljósið í loftlitla herbergi tendrast
þegar gluggi er opnaður – Snorri litli
hafði komið með boð til húsbónda hennar
,oddvitans, að tveir skólapiltar frá Hólum
sem hefðu ætlað heim fyrir jólin hefðu
farið yfir fjöllin og rekist á tvö lömb
á áhvertum ~~stað~~ í afréttinni, sem þeir
tilgreindu. ~~Oddvitans var að~~ Heiði hlakkað
vona, þótt ekki hefði neitt fylgt boðunum
um það hvort annað lambið væri með
svörtum framfótunum. Og hún þrábað
Bjössa að hann færi eftir kindunum. Hefði
einhvernveginn betri trú á því að ef hann færi
en ekki Steini að þá yrði hennar ósk sinni.
Hugnæmari jólagjöf hefði Heiði ekki getað hlakkað
en að gjafa við Hlíf sína í auðu básunum í fjósinu
og bollaleggingarnar og mögul. voru byrjaðir að koma
fram í hugann. Tenni átti fyrst og fremst Bjössi; að fá trefil jólagjöf að.